

Sveitarstjórn Skorradalshrepps
Hvanneyrargötu 3
Hvanneyri

Borgarfirði, 10. júní 2025

Efni: Niðurstaða og álit samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Í júní og júlí 2024 samþykktu sveitarstjórnir Borgarbyggðar og Skorradalshrepps að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Eftirtalin voru skipuð í samstarfsnefnd:

Frá Borgarbyggð:

- Guðveig Eyglóardóttir, formaður
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir

Frá Skorradalshreppi:

- Jón Eiríkur Einarsson
- Kristín Jónsdóttir

Samstarfsnefndin hefur haldið 10 bókaða fundi sem allir fóru fram í Teams-fjarfundarkerfinu. Guðveig Eyglóardóttir var kjörinn formaður nefndarinnar. Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Borgarbyggðar starfaði með nefndinni.

Samstarfsnefnd hefur lagt áherslu á samráð við íbúa. Í aðdraganda formlegra viðræðna voru haldnir íbúafundir þar sem verkefnið var kynnt og leitað eftir sjónarmiðum íbúa varðandi sameiningu. Skipaðir voru verkefnishópar, sem í sátu starfsmenn og kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna, til að fjalla um helstu áskoranir sameinaðs sveitarfélags og draga upp framtíðarsýn fyrir starfsemi þess. Jafnframt var haldinn samráðsfundur í Hjálmakletti í Borgarnesi 23. janúar 2025 þar sem aftur var leitað eftir sjónarmiðum íbúa.

Samstarfsnefnd hefur nú lokið því verkefni sem nefndinni var falið og leggur fram álit sitt. Samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarstjórnir taka málið á dagskrá án atkvæðagreiðslu.

Álit nefndarinnar og helstu forsendur

Sveitarfélögin tvö hafa átt í farsælu samstarfi til áratuga og getur sameining þeirra skapað tækifæri til skilvirkari og markvissari stjórnsýslu og þjónustu, auk þess sem aðgengi íbúa að þjónustu verði jafnara. Þá eru jafnframt tækifæri til frekari atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Vísbendingar eru um að fjárhagur sameinaðs sveitarfélags verði sterkur og fjárfestingargeta þess betri en hjá sveitarfélögunum hvoru um sig. Sérstök sameiningarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næstu árum myndu auka svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi en nokkur óvissa er um áhrif sameiningar á tekju- og útgjaldajöfnunarframlög vegna fyrirhugaðra breytinga á úthlutunarreglum. Ef sameining leiðir til lækkunar munu sveitarfélögin þó halda óskertum framlögum í fjögur ár.

Að mati samstarfsnefndar lúta áskoranir sameinaðs sveitarfélags fyrst og fremst að mismunandi skatthlutföllum sveitarfélaganna og áhyggjum hluta íbúa Skorradalshrepps af því að missa áhrif á ákvarðanir í nærumhverfi sínu. Tækifæri liggja helst í að bæta þjónustu við

íbúa beggja sveitarfélaga, auka fjárfestingagetu og auka slagkraft í hagsmunagæslu fyrir svæðið, s.s. í samskiptum við ríkið um innviðauppbýggingu og þjónustu hins opinbera.

Það er samdóma álit samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu þeirra. Samstarfsnefnd telur að sameining muni hafa fleiri kosti í för með sér en ókosti fyrir íbúa og að henni fylgi tækifæri sem annars stæðu sveitarfélögunum ekki til boða.

Framkvæmd íbúakosninga

Samstarfsnefnd leggur til að atkvæðagreiðsla hefjist 5. september nk. og ljúki 20. september nk. Lagt er til að heimild í 3. mgr. 133. gr. sveitarstjórnalaga til lækkunar kosningaaldurs í 16 ár verði nýtt.

Mikilvægt er að hafa í huga að kosningarnar fara fram skv. reglugerð nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga. Samstarfsnefnd bendir sveitarstjórnnum á að samkvæmt reglugerðinni skulu þær skipa sameiginlega kjörstjórn til að sjá um framkvæmd atkvæðagreiðslu og að upplýsa þarf Þjóðskrá Íslands um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu 30 dögum áður en hún hefst. Samstarfsnefnd leggur til að sameiginleg kjörstjórn verði skipuð 5 einstaklingum, tveimur fyrir hönd Skorradalshrepps og þremur fyrir hönd Borgarbyggðar.

Vakin er athygli á því að hefja skal kynningu á tillögu og forsendum sameiningar fyrir íbúum sveitarfélaganna eigi síðar en 20 dögum áður en kosningar hefjast. Sveitarstjórnir þurfa að taka ákvörðun um hvort kynning tillögunnar verði á höndum samstarfsnefndar eða sveitarstjórnanna sjálfra. Samstarfsnefnd leggur til að henni verði falið það verkefni. Kynningarefni fyrir atkvæðagreiðslu mun byggja á meðfylgjandi greiningu og forsendum (fylgiskjal I) sem birt verður á vefsvæði samstarfsnefndar, borgfirðingar.is. Með áleti þessu fylgir tillaga að auglýsingu til birtingar í Lögbirtingarblaði og fjölmiðlum (fylgiskjal I).

Í 5. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að sveitarstjórn láti gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna. Það form skal staðfest af ráðuneytinu. Með skilabréfi þessu fylgir tillaga að kjörseðli sem er unnin skv. fyrirmynd frá ráðuneytinu (fylgiskjal II).

Samstarfsnefnd þakkar það traust sem henni hefur verið sýnt í störfum sínum.

Virðingarfyllst,

Guðveig Eyglóardóttir, formaður

Ragnhildur Eva Jónsdóttir

Jón Eiríkur Einarsson

Kristín Jónsdóttir

Fylgiskjöl

- I. Tillaga að auglýsingu
- II. Kjörseðill. Fyrirmynd
- III. Könnun á möguleikum á sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps - Forsendur álits samstarfsnefndar um sameiningu 2. júní 2025
- IV. Minnisblað: Aðgerðir til eflingar byggðar í Borgarfirði
- V. Áherslur varðandi þjónustu við íbúa

Fylgiskjal I

Tillaga að auglýsingu

Samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps leggur til að eftirfarandi auglýsing verði birt í Lögbirtingablaði og öðrum fjölmiðlum, sbr. 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, eftir að tillagan hefur fengið umræðu í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna.

Tillaga um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps hefur lagt fram álit sitt og helstu forsendur til tveggja umræðna í sveitarstjórnnum. Það álit nefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu þeirra í eitt.

Álit nefndarinnar og helstu forsendur hafa fengið umræðu í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna, án atkvæðagreiðslu, samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fer fram dagana 5.-20. september 2025 í báðum sveitarfélögunum. Við ákvörðun um tímasetningu kosninganna hefur þess verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum með a.m.k. 20 daga fyrirvara eins og áskilið er í 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Nánari upplýsingar um kosningarnar er að finna á heimasíðum sveitarfélaganna og vefsvæði samstarfsnefndar borgfirdingar.is.

dd. mmmm 2025

Fyrir hönd samstarfsnefndar,
Guðveig Eyglóardóttir, formaður.

Fylgiskjal II

Kjörseðill. Fyrirmynd

[Atkvæðagreiðsla í Borgarbyggð 5.-20. september 2025.](#)

Samstarfsnefnd hefur kynnt tillögu um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps í eitt sveitarfélag.

Samþykkir þú tillögu um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps?

Þeir sem samþykkja tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan „Já”

Þeir sem samþykkja ekki tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan „Nei”

☐

Já

☐

Nei